

Fundargerð

Fyrsti fundur gammadeildar starfsárið 2020-2021, 3. nóvember 2020 á Zoom

Fyrsti fundur starfsársins var með talsvert breyttu sniði í ljósi aðstæðna en fundarhald á tímum farsóttar getur verið snúið. Stjórn Gammadeildar þurfti að taka mið af síbreytilegum aðstæðum og var í raun komin í svokallaða „sviðsmyndahönnun“ eins og vinsælt er um þessar mundir. Settar voru upp mismunandi sviðsmyndir til að róa að því öllum árum að mögulegt yrði að halda fund. En til að gera langa sögu stutta varð niðurstaðan sú að halda fyrsta fjarfund Gammakvenna á Zoom en reyna að hafa umgjörðina með hefðbundnu sniði.

Fundurinn hófst á því að formaðurinn, Edda Pétursdóttir, kveikti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi. Því næst sagði hún frá því að Ingibjörg E. Guðmundsdóttir, úr Alfadeild og forseti landssambands Delta Kappa Gamma og Ingibjörg Jónasdóttir hefðu hjálpað til við að setja upp og boða til fundar á Zoom í ljósi aðstæðna í þjóðfélaginu. Því næst var sagt frá verkaskiptingu stjórnar en Sigrún Aðalbjarnardóttir verður varaformaður og Hildur Skarphéðinsdóttir og Hrefna Sigurjónsdóttir munu í sameiningu halda utan um vefsíðu og ritarastörf. Hanna Halldóra Leifsdóttir verður gjaldkeri samtakanna. Gammakonur komu á framfæri hamingjuóskum til stjórnar með ný hlutverk.

Hrefna Sigurjónsdóttir las upp manntalið og merkti við mætingu sem var góð en 33 konur mættu á fundinn, þar með talinn landsforseti. Þátttakendur voru staðsettir víðs vegar um landið en með hjálp tækninnar gátu enn fleiri tekið þátt. Gammakonur voru sammála um að gott væri að sjá loks framan í hver aðra þótt það væri einungis í gegnum skjá í þetta sinn og hlökkðu til að prófa fyrsta rafræna Gammadeildarfundinn. Hildur Skarphéðinsdóttir las upp fundargerð síðasta fundar sem var vorfundur haldinn að Hlíði 3. júní 2020. Þakkað var fyrir greinargóða og skemmtilega fundargerð í orði og með rafrænu lófaklappi. Hrefna Sigurjónsdóttir tók síðan við keflinu og ritaði fundargerð þessa fundar.

Hlustað var og horft á upptöku af erindi Elfu Ýrar Gylfadóttur, framkvæmdastjóra fjölmiðlanefndar, um upplýsingaóreiðu og miðlalæsi. Erindið átti fyrst að vera á vorfundi landssamtakanna sem síðar var áætlaður sem haustfundur samtakanna. Af hvorugum fundi varð þó vegna aðstæðna í samfélaginu. Að erindi loknu sagði Edda formaður frá því hvernig erindið var til komið og bauð síðan Sigrúnu varaformanni að taka við sem umræðustjóri. Sigrún sagði að erindið myndi vekja mann til umhugsunar um hvað miðlalæsi er mikilvægt og spurði hvort við hefðum spáð í þessi meginatriði sem Elfa ræddi um í erindinu: að stoppa, hugsa, athuga? Hver okkar reynsla væri af þessu? Og hvað við gætum gert til að efla miðlalæsi og vinna gegn fólkskum upplýsingum? Hægt var að leggja orð í belg ýmist á spjallþræði eða með því að tala í beinni útsendingu.

Helga Thorlacius kom með reynslusögu úr kennslunni hjá sér. Hún hafði miðlalæsi inni á námskránni hjá nemendum alveg frá því í 1. bekk, þ.e. hversu mikilvægt væri að skoða hvaðan sögurnar sem þau læsu kæmu og fleiri upplýsingar sem kæmu af netinu. Gagnrýnin hugsun væri alltaf í gildi. Þetta var fyrir áratug og sumum fannst þá óþarfi en öðrum mjög þarft. Ingibjörg Jónasdóttir talaði um smellibeiturnar og það að höfundar greina fengju stundum greitt fyrir smelli. Bjarndís Fjóra skrifaði á spjallið: „Ég sem upplýsingatæknikennari lagði mikla áherslu á þennan þátt í minni kennslu. Það sem reyndist mér best var að ræða við nemendur og láta þau sjálf útbúa „reglur“ og finna leiðir til þess að sannreyna upplýsingar á netinu. Höfundarréttur er líka mjög mikilvægur þáttur að kynna fyrir nemendum.“ Hrefna Sigurjónsdóttir ræddi aðeins SAFT verkefnið og miðlalæsi en SAFT stendur fyrir Samfélag, fjölskylda og tækni og er samstarfsverkefni Heimilis og skóla – landssamtaka foreldra, Barnaheilla, Rauða krossins og Ríkislögreglustjóra. Verkefninu er stýrt af Heimili og skóla en unnið í

samstarfi við fyrrgreinda aðila. Einnig kom hún inn á aðalnámskrá og stefnu eða stefnuleysi Íslendinga í þessum málum samanborið við önnur Norðurlönd.

Í spjallþræðinum var rætt um að merkilegt væri að fylgjast með fyrrsögnum mest lesinna fréttu en margar af þeim væru svokallaðar slúðurfréttir og smellibeytur sem fólk virðist sækja í þar sem sterkar tilfinningar vekja viðbrögð. Rætt var um nýja heimildarmynd á Netflix sem heitir „The Social Dilemma“ og að hún væri áhugaverð í þessu samhengi. Þar er rætt um áhrif samfélagsmiðla og helstu vandamál sem þeir skapa ásamt leitarvélum og efnisveitum á borð við Google og Youtube. Á bak við þetta allt saman eru flókin reiknirit eða algörðmar sem læra á hegðun notandans og geta því gert spálíkan um hvað notandinn vill sjá eða hverju hann hefur áhuga á og fara smám saman að stýra eða hafa áhrif á hegðun og skoðanir viðkomandi. Markmiðið er oft ekki bara að aðstoða fólk við að finna áhugavert efni heldur jafnvel frekar að selja fleiri auglýsingar sem ná athygli notandans með von um hagnað í því samhengi. Persónuupplýsingar og hegðun eru orðin að söluvöru og verðmætum sem nota má og misnota á ýmsa vegu. „Lækin“ okkar gefa til dæmis miklar upplýsingar sem eru orðnar að söluvöru.

Árný spurði um myndbirtingar þegar kemur að börnum og áherslur m.a. Heimilis og skóla og SAFT í því samhengi. Hrefna sagði frá viðmiðum sem gefin hefðu verið út í samstarfi við aðra hagsmunaaðila m.a. um myndbirtingar í skóla- og frístundastarfi, umfjöllun fjölmiðla og myndbirtingar foreldra og vitundarvakningu í þessu samhengi og fræðslu- og námsefni svo sem handbókinni Börn og miðlanotkun. Þar er m.a. áhersla á að virða réttindi barnsins og Barnasáttmálann, sýna tillitssemi, huga að viðkvæmum persónuupplýsingum og góð þumalputtaregla væri að spyrja barnið áður en við birtum myndir af því til að það venjist við að spyrja aðra áður en það birtir myndir sjálft og að það hafi eitthvað að segja um eigin persónuupplýsingar. Í framhaldi af þessu spunnust umræður um myndbirtingar og samtal við börnin um slíkt og að vissulega ættu þau að hafa eitthvað um það að segja hvort og hvaða myndir væru birtar af þeim á netinu.

Sigrún varpaði fram þeirri spurningu til umhugsunar hvort það væri eitthvað sem við sem samtök gætum gert til að stuðla að bættu miðlalæsi? Ingibjörg Guðmundsdóttir, forseti Landsambandsins, tók undir þær vangaveltur og varpaði fram þeirri hugmynd hvort við gætum reynt að stuðla að því að lögð væri áhersla á þessi mál líkt og gert er annars staðar á Norðurlöndunum. Stjórn Landsambandsins setti þetta mál á dagskrá af því þeim fannst þetta mjög mikilvægt. Tekið var undir í umræðum að þetta væri mjög þarft og spennandi verkefni og góð hugmynd að tala um þetta áfram og fylgja eftir. Edda formaður sagði að lokum að gott væri að taka ýmsa vinkla á þessari umræðu og að það væri sérstaklega góður punktur að spyrja börnin: má ég birta þetta?

Svana nefndi að hún væri ein af örfáum sem ekki væri á facebook og að hún lenti oft í þó nokkrum vandræðum vegna þess. Þurfti hún m.a.s. að hætta á einu námskeiði út af þessu. Hún fór á instagram fyrir þremur árum síðan og þá var það ekki í eigu facebook en er það núna. Þannig það getur verið snúið í nútímasamfélagi að ætla sér að hundska þessa miðla og erfitt að komast hjá því að vera á einhvern hátt tengdur þessum stærstu aðilum sem ráða orðið miklu í alþjóðasamfélaginu.

Rætt var um að víða væri unnið mikilvægt starf til að efla fræðslu og meðvitund um notkun á samfélagsmiðlum. Við værum alltaf að læra og þyrftum ekki að skammast okkar fyrir að vera ekki fullkomin í þessu samhengi en mikilvægt væri þó að reyna að kynna sér málin og sýna tillitssemi í þessu sem öðru. Margir skólar eru að gera góða hluti og hafa mikið spáð í miðlalæsi og stafrænni borgaravitund í tengslum við innleiðingu á spjaldtölvum, fræðslu í upplýsingatækni o.fl. en betur má ef duga skal. Sem betur fer eru margir meðvitaðir um notkun sína en í upphafi þessarar tækni en vandinn er bara að hún breytist og þróast svo hratt að erfitt getur verið að fylgja því eftir. Einnig væri þörf á fræðslu og fræðsluefni fyrir eldri kynslóðir. Við þurfum að vera gagnrýnir notendur.

Niðurstaðan af umræðum var sú að vilji er til að Gammadeild geri eitthvað í þessu samhengi til að stuðla að bættu miðlalæsi. Markmiðið er að halda áfram þessari umræðu þar sem hún er með því mikilvægara í nútímanum. Þetta væri orðinn svo víðáttumikill og flókinn heimur, margir miðlar og öpp og flóknir notendaskilmálar. Þetta væri því sannarlega þörf umræða og mikilvægt að taka þetta lengra.

Engin önnur mál voru á dagskrá. Gammakonur þökkðu fyrir frumkvæðið og fundinn sem væri það næsta sem kæmist því að hittast og voru sammála um að þetta hefði verið ánægjuleg kvöldstund. Ingibjörg Guðmundsdóttir nefndi að mögulega yrði fyrirlestur Sigríðar Hagalín sem átti að vera á vorfundi líka tekinn upp og gerður aðgengilegur. Að lokum var Hildi og Dalskóla óskað til hamingju með tilnefningu til íslensku menntaverðlaunanna. Það var meiningin að vera í skólanum á þessum fundi en það bíður betri tíma. Edda formaður nefndi að næst á dagskrá væri að huga að jólafundi en bíða þyrfti og sjá hver framvindan í þjóðfélaginu yrði með tilliti til farsóttarinnar áður en fyrirkomulag hans yrði ákveðið. Edda lauk fundi með því að slökkva á kertunum þremur.